VINNUMÁLASAMBAND SAMVINNUFÉLAGANNA

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Rögnu Árnadóttur nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 116 / 1578
komudagur 27 / 4 1993

SÍMI 91-686855
TELEFAX 91-681284
SAMBANDSHÚSINU
KIRKJUSANDI
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. apríl 1993.

**Varðar frumvarp til laga um skaðabótalög.**

Skv bréfi dags. 20. apríl 1993, þar sem Vinnumálasambandi samvinnufélaganna var sent til umsagnar frumvarp til laga um skaðabótalög 326. mál.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna lýsir stuðningi við frumvarpið.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna vill benda á eftirfarandi atriði:

> Eins og fram kom í umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna um frumvarpið (dags. 22. apríl 1992) er það var lagt fram á sl. þingi var bent á galla sem var á 10 gr. laganna þar sem ekki var minnst á skipan varamanna í tryggingaráð, þessu atriði hefur nú verið kippt í liðinn. Þá fylgir nú með í greinargerð með frumvarpinu skýring á langri setu og hæfnisskilyrðum tryggingaráðsmanna, en við þessi atriði gerði Vinnumálasamband samvinnufélaganna athugasemd sl. vor.

Þá er rétt að árétta það atriði sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að leiði lögfesting þess til lækkunar heildarkostnaðar við tjón, eins og að er stefnt, mun það út frá heildarhagsmunum koma fyrirtækjum og almenningi til góða.

Virðingarfyllst,

F.h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Jóngeir H. Hlinason

Jóngeir H. Hlinason